

Tillaga að breytingu á félagaskiptum og aðeins sett upp skilvirkara svo það sé sýnilegra hvaða gögnum á að skila, svo leikamnnaskipti séu heimil.

2. gr. Þegar leikmaður skiptir um félag skal hann leggja fram

- fullgild félagaskipti, þ.e. ritaða yfirlýsingu um félagaskipti sín,
- skriflegt samþykki gamla félagsins sem jafnframt vottar að leikmaður sé skuldlaus við það,
- greiða félagaskiptagjald til BLÍ (sjá þó 5. gr.). Stjórn BLÍ ákveður félagaskiptagjaldið fyrir 1. júní ár hvert og tilkynnir félögum.
- standa skil á iðkendagjaldi hafi það ekki þegar verið gert fyrir viðkomandi leikmann sem og nýjum leikmannasamningi sé nýja félagið/liðið í Úrvalsdeild eða b-lið þess í 1.d.
- **Staðfesting frá Útlendingastofnun um atvinnu- og dvalarleyfi ef það á við (kennitala)**

4. gr. Fullgild félagaskipti og liðaskipti í úrvalsdeild og 1.d., móttækin á skrifstofu BLÍ á skrifstofutíma (virka daga frá kl. 08.00 til 16.00), frá 15. maí til og með 31. október og 1. janúar til og með 31. janúar ár hvert í taka gildi um leið og framkvæmdastjóri eða formaður BLÍ hefur samþykkt þau sbr. starfsreglur vegna félagaskipta og liðaskipta. Heimilt er að senda félagaskiptagögn/liðaskiptagögn rafrænt. Berist gögnin utan skrifstofutíma, gildir tímasetning rafrænu samskiptanna. Félagaskiptablað eða tilkynning um liðaskipti og greiðsla vegna þessa verða að berast með sannarlegum hætti fyrir miðnætti og verða þau tekin til skoðunar næsta virka dag. ~~Móttökudagur yfirlýsingar um félagaskipti eða tilkynningar um liðaskipti er sá dagur þegar öllum skilyrðum reglugerðarinnar hefur verið fullnægt.~~

**Leikmannaskipti teljast móttækin frá þeim tíma er öllum gögnum hefur verið skilað sbr 2.gr.**

Upprunaleg regla:

2. gr. Þegar leikmaður skiptir um félag skal hann leggja fram fullgild félagaskipti, þ.e. ritaða yfirlýsingu um félagaskipti sín, skriflegt samþykki gamla félagsins sem jafnframt vottar að leikmaður sé skuldlaus við það, og greiða félagaskiptagjald til BLÍ (sjá þó 5. gr.). Stjórn BLÍ ákveður félagaskiptagjaldið fyrir 1. júní ár hvert og tilkynnir félögum. Jafnframt skal standa skil á iðkendagjaldi hafi það ekki þegar verið gert fyrir viðkomandi leikmann sem og nýjum leikmannasamningi sé nýja félagið/liðið í Úrvalsdeild eða b-lið þess í 1.d.

4. gr. Fullgild félagaskipti og liðaskipti í úrvalsdeild og 1.d., móttækin á skrifstofu BLÍ á skrifstofutíma (virka daga frá kl. 08.00 til 16.00), frá 15. maí til og með 31. október og 1. janúar til og með 31. janúar ár hvert í taka gildi um leið og framkvæmdastjóri eða formaður BLÍ hefur samþykkt þau sbr. starfsreglur vegna félagaskipta og liðaskipta. Heimilt er að senda félagaskiptagögn/liðaskiptagögn rafrænt. Berist gögnin utan skrifstofutíma, gildir tímasetning rafrænu samskiptanna. Félagaskiptablað eða tilkynning um liðaskipti og greiðsla vegna þessa verða að berast með sannarlegum hætti fyrir miðnætti og verða þau tekin til skoðunar næsta virka dag. Móttökudagur yfirlýsingar um félagaskipti eða tilkynningar um liðaskipti er sá dagur þegar öllum skilyrðum reglugerðarinnar hefur verið fullnægt.